



AÐGERÐAÁÆTLUN ORKUVEITUNNAR OG EIGENDA
„PLANIÐ“
FRAMVINDA

F3 2011

7. desember 2011

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Mælaborð	4
2.1 Heildarárangur	4
2.2 Áhrif ytri breyta F3	5
2.3 Frestun fjárfestinga í fráveitu	7
2.4 Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	8
2.5 Lækkun annarra fjárfestinga	9
2.6 Hækkun gjaldskrár	10
2.7 Lækkun rekstrarkostnaðar	12
2.8 Eignasala	15
2.9 Víkjandi lán frá eigendum	17
2.10 Lánaskilmálar	18

1 INNGANGUR

- Skýrsla þessi spannar fyrstu þrjá ársfjórðunga 2011. Aðgerðaáætlun OR og eigenda, nefnd „Planið“, fór formlega í gang í byrjun apríl og eru framvinda og töluleg gögn talin til 30. september 2011. Í **töflu 1** má sjá yfirlit yfir aðgerðir Plansins.
- Planið er forgangsverkefni hjá OR og er mikil áhersla lögð á að bæta sjóðflæðið m.a. með því að finna sparnaðarleiðir og byggja upp „sparnaðarmenningu“ innan fyrritækisins.
- Mælaborð í skýrslunni sýnir uppsafnaðar rauntölur fyrstu þriggja ársfjórðunga 2011 (F1-F3) í samanburði við Planið á ársgrundvelli. Planið kom þó ekki til framkvæmdar fyrr en á F2. Í mælaborðinu er notast við súlurit og töflu þar sem árangur er auðkenndur með grænum, gulum og rauðum litum.

Tafla 1

Aðgerðir	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Alls
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu		2.000	900		-2.000	-900	0
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	1.205	3.518	2.690	2.518	2.410	2.659	15.000
Lækkun fjárfestinga	250	200	200	200	200	200	1.250
Hækkun gjaldskrár	1.122	1.552	1.215	1.295	1.330	1.499	8.013
Lækkun rekstrarkostnaðar	300	900	900	900	1.000	1.000	5.000
Eignasala	1.000	2.000	5.100	1.900	0		10.000
Víkjandi lán frá eigendum	8.000		4.000				12.000
Samtals	11.877	10.170	15.005	6.813	2.940	4.458	51.263
Eignasala skv. samþ. fjárhagsáætlun	-375	-400					-775
Samtals aðgerðaáætlun	11.502	9.770	15.005	6.813	2.940	4.458	50.488


2 MÆLABORÐ

2.1 HEILDARÁRANGUR VERKEFNISINS

Heildarmarkmið (m.kr)	50.488.-
Markmið 2011	11.502.-
Markmið m.v. F3	10.065.-
Árangur F3 2011	11.187.-

Heildarárangur F3 2011 er um 1.122 mkr. umfram áætlun tímabilsins. Mestur árangur er í lækkun fjárfestinga í veitukerfum auk þess sem flestir þættir verkefnisins ganga vel eins og sjá má í **töflu 2**. Einstakir liðir Plansins eru skýrðir nánar í næstu köflum. Eins og sjá má á **mynd 1** hefur náðst 97,26% af markmiðum ársins.

Áhrif ytri breyta eru neikvæð sem nemur 308 mkr. á tímabilinu. Nettó niðurstaða Plansins er því jákvæð sem nemur 814 mkr.



Mynd 1 Áætlun 2011 og árangur á F3

Tafla 2

Planið	Planið 2011	Raun 2011 F3
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0	0
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	1.205.000	1.314.826
Lækkun annarra fjárfestinga	250.000	168.909
Hækkun gjaldskrár	1.122.000	673.700
Lækkun rekstrarkostnaðar	300.000	496.206
Eignasala	1.000.000	858.000
Víkjandi lán frá eigendum	8.000.000	7.925.360
Samtals	11.877.000	11.437.001
Eignasala skv. áður samþ. fjárhagsáætlun	-375.000	-249.750
Samtals	11.502.000	11.187.251

2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA F3


Tafla 3

Helstu forsendur	2011 áætlun	Meðalstaða tímabils	Áhrif á sjóðstöðu mkr.
Vísitala neysluverðs, breyting milli ára	1,9%	3,60%	4
Vísitala byggingarkostnaðar, breyting milli ára	1,9%	4,3%	
Gengisvísitala, meðaltal tímabils	216,0 stig	217,4 stig	-188
Álverð, meðalverð tímabilsins	\$2.611	\$2.526	-142
Meðalvextir	1,88%	1,75%	18
Samtals			-308

- Ytri aðstæður, sem OR hefur ekki stjórn á, hafa mikil áhrif á ýmsa liði, sérstaklega fjármagnsliði. Þær markaðsbreytur sem hafa mest áhrif eru vaxtastig, gengispróun, álverð og vísitölur.
- Þrátt fyrir að ytri aðstæður hafi verið óhagstæðar á tímabilinu þá hefur það ekki haft samsvarandi áhrif á sjóðstreymi sem versnar um 308 mkr. frá áætlun tímabilsins.


2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA FRH.

Eins og sjá má á **mynd 2** virðist sem botninum sé náð hvað varðar samdrátt raforkunotkunar. Myndin sýnir meðaltalsbreytingu 12 mánaða tímabíla. Raforkunotkun minnkaði í kjölfar hrunsins en hefur svo jafnað sig. Aukning á notkun er 0,07% og á afltoppum um 0,77%.



Mynd 2

Mynd 3 sýnir meðaltalsbreytingu 12 mánaða tímabíla á notkun á heitu vatni. Aukningin skýrist fyrst og fremst af kaldri tíð á H1 2011. Notkun á heitu vatni síðustu tólf mánuði þann 1. desember var um 73.600.000 lítrar. Aukin notkun leiðir til tekjuauka á næsta ári þar sem útsendir reikningar byggja á áætlunum sem leiðréttast til hækkunar við álestur og enduráætlun.



Mynd 3

2.3 FRESTUN FJÁRFESTINGA VEGNA FRÁVEITU


Heildarmarkmið (m.kr)	0.-
Markmið 2011	0.-
Markmið m.v. F3	0.-
Árangur F3 2011	0.-

- Frestun fjárfestinga í fráveitu um tvö ár leiðir til þess að 2,9 milljarðar flytjast frá árunum 2012 og 2013 til 2015 og 2016. Heildarfjárfesting vegna fráveitu á fimm ára tímabilinu er því óbreytt en mun leiða til minni fjármagnskostnaðar á fyrri hluta tímabilsins. Tekjur af þessari fjárfestingu eru óverulegar þar sem aðallega er um stórt endurnýjunarverkefni á Vesturlandi að ræða.
- Þetta er afar mikilvægt þar sem stór gjalddagi afborgana er í apríl árið 2013, eða um 16 milljarðar króna.



2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM

Heildarmarkmið (m.kr)	15.000.-
Markmið 2011	1.205.-
Markmið m.v. F3	861
Árangur F3 2011	1.315




- Fjárfestingarráð Veitna forgangsraðar öllum verkefnum eftir mikilvægi. Tillögur fjárfestingaráðs, hver fyrir sig, þurfa endanlegt samþykki forstjóra.
- Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að lækka fjárfestingar í veitukerfum um 1.205 mkr. Lækkun á F3 nemur 1.315 milljónum króna. Samkvæmt útkomuspá Veitna stefnir í 1.600 mkr. lækkun fjárfestinga eða um 400 mkr. betri árangur en áætlun gerir ráð fyrir.



Mynd 4

2.5 LÆKKUN ANNARRA FJÁRFESTINGA

Heildarmarkmið (m.kr)	1.250.-
Markmið 2011	250.-
Markmið m.v. F3	146.-
Árangur F3 2011	169.-



Mynd 5

Heildarmarkmið 2011 er lækkun um 250 mkr. en áætlað var að ná um 146 mkr. á F3. Hér er um að ræða lækkun fjárfestinga t.d. á Upplýsingatæknisviði og hjá Eignum og innviðum. Lækkun á F3 nemur 169 mkr. sem er 23 mkr. meira en gert var ráð fyrir.




2.6 HÆKKUN GJALDSKRÁR

Heildarmarkmið (m.kr)	8.013.-
Markmið 2011	1.122.-
Markmið m.v. F3	659.-
Árangur F3 2011	674.-

- Mynd 6 sýnir tímasetningu gjaldskrárhækkana sem hafa verið samþykktar en þær hafa flestar tekið gildi. Markmiðið er að ná um 5% arðsemi fráveitu og hitaveitu en þannig fæst fram tekjuaukning um rúmlega 8.000 mkr. á tímabilinu 2011 til 2016.
- Hækkun fráveitugjalda um 45% sem tók gildi 1. maí er áætlað að skila 30% hækkun á tekjum 2011.
- Hækkun hitaveitu um 8% sem tók gildi 3. maí er áætlað að skili 5,3% hækkun á tekjum 2011.


Samþykktar gjaldskrárbreytingar 2010-2012



Mynd 6



2.6 HÆKKUN GJALDSKRÁR, FRH




Mynd 7

- Markmið F3 2011 var að ná um 659 mkr. tekjuaukningu og hefur það tekist. Tekjuauki vegna gjaldskrárhækkana er samkvæmt áætlun en til viðbótar hefur aukin notkun á heitu vatni, vegna kulda, leitt til betri árangurs en reiknað hafði verið með.
- Gjaldskrá hitaveitu í dreifbýli (jaðarveitur) hækkaði þann 1. júlí.
- Þessum áfanga er lokið þar sem allar hækkanir hafa verið samþykktar og flestar komnar til framkvæmda.
- Þetta markmið mun að öllum líkindum nást á árinu.

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR

Heildarmarkmið (m.kr)	5.000.-
Markmið 2011	300.-
Markmið m.v. F3	100.-
Árangur F3 2011	496.-




- Hagræðingarkrafa á rekstrarkostnað, fyrir utan orkukaup og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna er 5.000 milljónir króna á árunum 2011 til 2016. Á H2 2011 er gert ráð fyrir að lækkun rekstrarkostnaðar nemi um 300 milljónum króna. Rekstrarkostnaður er 496 milljón krónum lægri en áætlun gerir ráð fyrir á F3 2011.
- Gjaldfærsla áfallinnar lífeyrisskuldbindingar var 80 milljónum krónum hærri en gert var ráð fyrir. Þetta varð ljóst í apríl þegar niðurstöður um stöðu lífeyrissjóðs Akraness og lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins lágu fyrir. Þessi breyting hefur ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem um reiknaða stærð er að ræða.
- Mikil áhersla er á að auka kostnaðarvitund starfsfólks á öllum stigum rekstrar og er árangur að skila sér hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Mynd 8


2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR, FRH

FÆKKUN STARFSFÓLKS - LAUNAKOSTNAÐUR

- Áætlað er að starfsfólki OR fækki um 90 manns á árunum 2011-2016.
- Um 55 starfsmenn OR ná sjötugsaldri á tímabilinu og munu því láta af störfum fyrir aldurs sakir. Öllu starfsfólki sem náð hafa 63 ára aldri í árslok 2011 hefur verið boðið flýtt starfslok.
- Fyrir utan þann hóp sem lætur af störfum fyrir aldurs sakir er reiknað með að almenn starfsmannavelta leiði til fækkunar um 35 manns til viðbótar, þ.e. með fækkunum vegna skipulagsbreytinga og eðlilegum hreyfingum úr starfi.
- Ekki er ráðið í stað þeirra sem láta af störfum nema að nauðsyn krefji. Nú þegar hefur starfsfólk verið flutt til á milli starfa innan OR eftir því sem þörf er á og vinna hefur verið lögð í lykilmannagreiningu og færnipörun.
- Á árinu hefur fastráðnum starfsmönnum OR (móðurfélags) fækkað um 25. Í lok nóvember eru starfsmenn 443. Áætlað er að heildarfækkun á árinu verði 58.
- Lækkun annars launakostnaðar nemur 8% á F3.
- Starfsfólk samstæðu OR hefur fækkað um 138 frá árinu 2008 þegar mest var og er starfsmannafjöldinn nú orðinn 469 sem er svipað og árið 2001.
- Stefnt er að því að markmiði um 90 starfsmanna fækkun verði náð fyrir árslok 2012 sem er mun fyrr en gert var ráð fyrir.



Mynd 9




Mynd 10


2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR, FRH

LÆKKUN SÍMAKOSTNAÐAR OG FÆKKUN BÍLA

- Meðal hagræðingaraðgerða sem farið hefur verið í á undanförunum árum er lækkun símakostnaðar og hefur náðst góður árangur í því.
- Á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins fækkaði bílum um 16.
- Lækkun bílakostnaðar nemur 109 mkr. á F3.



Mynd 11



Mynd 12

2.8 EIGNASALA

Heildarmarkmið (m.kr)	10.000.-
Markmið 2011	1.000.-
Markmið m.v. F3	550. -
Árangur F3 2011	858. -

Á F3 hafa verið seldar eignir fyrir 858 mkr., þar af hafa greiðslur borist fyrir 304 mkr. Gerðir hafa verið gerðir samningar um sölu hlutdeildarféлага fyrir 317 mkr. þar sem að áreiðanleikakönnunum er lokið og 48 mkr. þar sem að áreiðanleikakönnun stendur yfir. Undirritaður hefur verið kaupsamningur um sölu á húsnæði Minjasafns í Elliðaárdal en fyrirvara hefur ekki verið aflétt. Auk þess hafa borist tilboð í fleiri eignir að undanfögnu. Góðar líkur er á að heildarmarkmið ársins í eignasölu náist.

Tafla 5

	Bruna- bótamat	Fasteigna- mat	Innra verðmat	Ytra verð- mat	Greitt	30.9.2011	Athugasemdir/staða
Fasteignir og jarðir							
Skemma við Andakílsárvirkjun	11,3	5,2	10,0	5,0	5,3	5,3	Undirritað og greitt
Árnes, starfsmannahús Andakíl	30,1	15,9	15,6	13,0	16,2	16,2	Undirritað og greitt
Berserkseyri og Berserkseyri ytri	56,6	16,3	70,0	70,0	75,0	75,0	Undirritað og greitt
Almannavarnaskýlið í Mosfellsdal	65,6	35,5	30,0	30,0	27,2	27,2	Undirritað og greitt
Hótel Hengill	221,6	72,2	220,0	200,0	100,0	210,0	Kaupsamningur undirritaður
Hvammur og Hvammsvík	29,6	95,3	260,0	160,0		155,0	Kauptilboð undirritað og samþykkt
Rafstöðvarvegur 9 (Minjasafn)	235,5	161,0	250,0	85,0		100,0	Kauptilboð undirritað**
Samtals fasteignir og jarðir	650,3	145,1	855,6	563,0	223,7	588,7	
Sala lausafjarmuna (efni og tæki)					52,3	52,3	
Hlutdeildarfélag							
Enex Kína og Envent*					28,3	365,0	Kaupsamningur undirritaður
Hlutdeildarfélag alls					28,3	365,0	
Eignasala Alls							
					304,3	1.006,0	


* DD lokið á Enex Kína (85% fjárhæðar), Envent ólokið

** Beðið eftir úrskurði skipulagsráðs

2.8 EIGNASALA, FRH

- **Yfirlit yfir aðrar eignir í sölufarli á árinu 2011**
 - Húsnæði Minjasafns OR í Elliðaárdal. Tilboð voru opnuð 31. ágúst. Beðið niðurstöðu skipulagsyfirvalda varðandi breytingu á deiliskipulagi.
 - Perlan. Tilboð voru opnuð 18. október.
 - Úlfjótsvatn. Tilboð liggur fyrir frá Skátahreyingunni og Skógræktarfélagi Íslands um kaup þeirra á jörðinni. Tilboðið hefur verið samþykkt af stjórn OR og samþykkt í borgarráði. Frágangi ólokið.
 - Unnið er að undirbúningi sölu á fasteignum við Bæjarháls, jarðarpörtum í Ölfusi og hluta jarðarinnar Ölfusvatns við sunnanvert Þingvallavatn.
- **Framvinda sölufarlis hlutdeildarfélagi í eigu Reykjavík Energy Invest ehf. (REI)**
 - Iceland America Energy Inc. Allar eignir félagsins hafa verið seldar og er fyrirtækið í slitaferli. Áætlaðar endurheimtur REI eru á bilinu 0-30 mkr. Endanleg niðurstaða ætti að liggja fyrir í lok þessa árs.
 - Enex Kína ehf. og Envent holding ehf. Skrifað hefur verið undir kaupsamning á eignarhlutum REI í báðum félögum. Áætlað söluverðmæti er 350-380 mkr. Greiðslur eiga að berast í september 2011 – apríl 2012.

Í júlí var skrifað undir samning við fasteignasöluna Mikluborg ehf. varðandi umsjón með Sölu á atvinnuhúsnæði OR. Jafnframt var skrifað undir samning við Fasteignamiðstöðina varðandi sölu á jörðum OR. Fasteignasölurnar voru valdar á grundvelli forvals meðal löggiltra fasteignasala.



Mynd 13

2.9 VÍKJANDI LÁN FRÁ EIGENDUM

Heildarmarkmið (m.kr)	12.000.-
Markmið 2011	8.000.-
Markmið m.v. F3	8.000.-
Árangur F3 2011	7.925.-

Eigendur samþykktu að veita OR víkjandi lán, 8.000 mkr. í apríl 2011 og 4.000 mkr. árið 2013. Reykjavíkurborg og Akraneskaupstaður hafa greitt sinn hluta lánsins, samtals 7.925 mkr., en Borgarbyggð hefur ekki greitt sinn hluta, 75 mkr.



2.10 LÁNASKILMÁLAR

Í lánasamningi OR og eigenda eru fjórir skilmálar sem gera verður grein fyrir ársfjórðungslega hvernig standi. Í **töflu 6** má sjá árangur gagnvart þessum mælikvörðum í lok F3. Allir mælikvarðar eru í samræmi við áætlun eða umfram væntingar.

Tafla 6

OR móðurfélag

í mkr.	Raun	Markmið	Frávik	Frávik %
Rekstrarútgjöld	5.407	5.803	396	6,82%
Handbært fé í lok tímabils	3.671	2.745	926	33,73%
Notkun lánalína	0	0	0	0,00%
Hækkun gjaldskrár	674	659	15	2,26%